

**Ávarp Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra SA,
12. október 2007 - á Umhverfisþingi**



Umhverfisráðherra, góðir þingfulltrúar

Náttúra landsins hefur í aldanna rás markað íslensku samfélagi ramma og æð lengst af mestu um afkomu samfélagsins og einstaklinganna. Smám saman hefur tekist með hugviti, tækniframförum og dugnaði fólks að nýta þætti í náttúrunni í þágu samfélags og einstaklinga. Jafnframt er sú breyting orðin að efnahagsstarfsemin er að mestu óháð duttlungum náttúrunnar þótt stöku sinnum kunni hún að valda okkur tímabundnum erfiðleikum.

Fyrirtækin og fólkið í landinu hefur gætt þess að umgangast náttúruna af virðingu og má nefna um það mörg dæmi. Sjávarútvegurinn er eitt slíkt dæmi en Íslendingar njóta virðingar á alþjóðavettvangi fyrir ábyrga fiskveiðistjórnun sem studd er af þeim er í greininni starfa. Vernd og sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins fara saman og eru ekki andstæður. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda í hafi og á landi, hvort sem það eru veiðar, orkuframleiðsla eða ferðaþjónusta þýðir að nýtingin geti staðið um langa hríð og verið undirstaða velferðar ekki einungis okkar sem nú erum uppi heldur einnig afkomenda okkar og afkomenda þeirra.

Í skýrslu Brundtland-nefndarinnar svokölluðu árið 1987 var sjálfbær þróun skilgreind svo „*Sjálfbær þróun leitast við að mæta þörfum og væntingum samtímans án þess að fórnar möguleikum komandi kynslóða til þess sama og merkir alls ekki lok hagvaxtar heldur að ekki verði ráðist að fátækt og vanþróun án þess að til komi nýtt skeið vaxtar.*” Eftir því sem þekking manna eykst og nýjar lausnir koma í ljós skapast jafnan ný tækifæri og geta til að skapa aukin verðmæti. Stundum mætti ætla af opinberri umræðu að hætta sé á að framfarir leiði til fyrst og fremst til aukinnar náttúrunýtingar en þannig er það ekki að mínu mati. Því má til dæmis halda fram að sú þekking sem hér varð til á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja sem byggja á nýtingu lifandi auðlinda hafsins hafi lagt drjúgt að mörkum til útflutnings á fjármála- og rekstrarþekkingu sem á undanförunum árum hefur átt þátt í að bæta hag einstaklinga, fyrirtækja og samfélags.

Tíminn stendur aldrei í stað. Hlutir eru í stöðugri þróun. Í miðpunkti sjálfbærrar þróunar stendur maðurinn eins og kemur fram í fyrstu reglu Ríó-yfirlýsingar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun frá 1992. Maðurinn er hluti náttúrunnar og hefur áhrif á hana og náttúran mótar manninn. Öll mannleg gæði eru sprottin af manninum sjálfum og úr náttúrunni og verða það. Það er okkar eðli að vilja gera betur í dag en í gær, að hafa það helst aðeins betra á næsta ári en þessu og svo að afkomendur okkar hafi það betra en við. Við megum ekki líta svo á að í náttúruvernd og blómlegu efnahagslífi og samfélagi séu fólgnar ósættanlegar andstæður. Sú umræða leiðir í öngstræti. Hér sem annars staðar ber að koma að málum með opnum huga og skoða og finna leiðir sem skila raunverulegum ávinningi fyrir okkur og komandi kynslóðir.

Nú stendur fyrir dyrum að gera nýja náttúruverndaráætlun. Þar er mörkuð heildstæð stefna stjórnvalda um þau svæði sem ætlunin er að friðlýsa. Æskilegt er að náttúruverndaráætlun varpi skýru ljósi á það sem hægt er að gera, en sé ekki almennur óskalisti. Þeir sem að undirbúningi hennar koma eru fyrst og fremst opinberar stofnanir og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga. Auk þess er haft samráð við svokallaða heimamenn á viðkomandi svæðum. Þegar þingsályktun um náttúruverndaráætlun hefur verið samþykkt er það umhverfisstofnun að taka ákvörðun um friðlýsingu að loknum undirbúningi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur látið banna framkvæmdir á friðlýstum svæðum að fenginni umsögn stofnunarinnar.

Við undirbúning náttúruverndaráætlunar er mikilvægt að horfa á málin frá víðari sjónarhorni en gert hefur verið til þessa og taka bæði tillit til áhrifa fyrirhugaðrar friðlýsingar á félagslega og efnahagslega þætti. Til þess að það verði gert þurfa fleiri að koma að undirbúningi náttúruverndaráætlunar en vísindamenn á því sviði. Það hlýtur að vera ástæða til að velja fyrir sér hvort náttúruverndaráætlun eigi ekki að fara í gegnum svipað ferli og t.d. skipulagsáætlanir stjórnvalda og samgönguáætlun þar sem ekki eru einungis skoðuð hin umhverfislegu áhrif heldur einnig aðrir mikilvægir þættir. Nýleg lög um umhverfismat áætlana koma upp í hugann í því sambandi en þar er gert ráð fyrir heildstæðu mati á áhrifum áætlana og formlegum fresti almennings og annara til að gera athugasemdir. Þannig mat hlýtur einnig að fylgja tillögu að rammaáætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafls- og jarðvarmasvæðisem ætlunin er leggja fyrir Alþingi lok árs 2009.

Mikilvægt er að í tengslum við náttúruverndaráætlun verði hugað að tengslum við aðrar áætlanir og hvaða áhrifum þær geta orðið fyrir. Náttúruverndaráætlun getur ekki staðið ein og sér án tengsla við landsskipulag, svæðisskipulag og aðrar áætlanir sem fyrir liggja. Það vakti til dæmis athygli mína að í síðustu náttúruverndaráætlun var gert ráð fyrir að friða allan Skerjafjörð vegna mikilvægis fyrir fugla. Undir þetta svæði fellur höfnin í Kópavogi og ýmsar landfyllingar sem unnið hefur verið að og auk þess sem hugsanlegt flugvallarstaði á Lönguskerjum er hluti svæðisins. Það hefði verið afar gagnlegt í þessu tilviki og reyndar öðrum að fjalla um áhrif friðlýsingar á nýtingu svæðisins til frambúðar. Með vinnubrögðum eins og þessum geta þeir sem vilja og hafa hug á nýtingu svæða séð hvaða skorður er verið að reisa og komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Það er engum til góðs að í gangi sé einhvers konar kapphlaup milli þeirra sem vilja vernda tiltekna hluta náttúrunnar um að friða sem fyrst og þeirra sem vinna að þróun samfélagsins út frá öðrum forsendum.

Öðru hverju þarf líka að fara yfir þau svæði sem þegar hafa verið friðuð og skoða hvort forsendur friðunarinnar hafi breyst að og að rétt geti verið að aflétta friðun á tilteknum svæðum. Það getur verið vegna breytinga í náttúrunni sjálfri eða að aðrar forsendur hafi breyst sem geri slíkar breytingar á friðlýsingu eðlilegar.

Stöðugar framfarir á öllum sviðum gera einnig unnt að standa að ákveðinni nýtingu um tiltekin tíma og að því loknu ganga þannig frá að ekki sjáist merki um nýtinguna og náttúran haldi að því loknu áfram að þróast á eigin forsendum.

Góðir þinggestir

Úr vísindasamfélaginu hefur heyrst á undanförunum árum að í lítt þekktri fjölbreytni í lífríkinu verði að finna lausn á mörgum vanda mannkynsins. Í sjaldgæfum plöntum og örverum m.a. í undirdjúpunum sé að finna lykla sem nota megi í líftækni til að framleiða m.a. blóð og lyf, og er þá fátt eitt nefnt. Slíkar fréttir styrkja í flestum tilfellum ábyrgðartilfinningu okkar gagnvart náttúrunni þótt oft virðist um að ræða óræða möguleika í langri framtíð.

Ísland er aðili ásamt 187 öðrum ríkjum að samningnum um vernd líffræðilegar fjölbreytni og hafa fulltrúar stjórnvalda á Íslandi tekið virkan þátt í þingum samningsins á undanförunum árum. Markmið samningsins sem undirritaður var í Ríó 1992 er að vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda, jafnframt að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

Það er mikilvægt fyrir atvinnulífið að Íslendingar taki þátt í að móta hvernig unnið er að markmiðum samningsins þar sem hann hefur mikil áhrif á stefnumörkun og alþjóðlega umræðu. Það hefur verið meginálgun samningsins að vernda beri líffræðilega fjölbreytni með því að setja á stofn verndarsvæði sem geta falið í sér mismikla vernd. Innan samningsins hafa verið ákveðin markmið um net verndarsvæða á landi fyrir 2010 og í sjó fyrir 2012. Leið verndarsvæða er þó ekki sú eina né heldur markmiðið. Fyrst og fremst þurfa ríki að sýna fram á ábyrga umgegni. Þrýstingur til að fara þær leiðir sem samningurinn bendir á er þó mikill á alþjóðlegum vettvangi.

Heimavinnan okkar er að skoða hvernig við ætlum að vernda líffræðilega fjölbreytni sem við berum ábyrgð á bæði á landi og í sjó. Í þessu sem öðru er það vilji atvinnulífsins að vel sé vandað til verka. Við viljum taka þátt í að því að skoða og meta mismunandi leiðir að þeim markmiðum sem sett eru og tryggja þannig að hagsmuna samfélags og fyrirtækja sé gætt í þeirri ákvarðanatöku sem kostur er.

Ég þakka áheyrnina